

39. gr.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um að þær aðstæður séu til staðar að heimilt sé að veita leyfi samkvæmt þessum kafla.

VI. KAFLI

Gildistaka.

40. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, og öðlast gildi 1. janúar 1993. Reglugerðin fellur sjálfkrafa brott 31. desember 1995. Áður en reglugerðin fellur brott skal fara fram endurskoðun á ákvæðum hennar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING**um reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga 1993.**

Með tilvísun til 5. mgr. 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991 og að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur félagsmálaráðherra ákveðið að eftirtalin nýting tekjustofna sveitarfélaga á næsta ári teljist eðlileg nýting.

Útsvör: 7,5% álagning.

Aðstöðugjöld: 65% meðalnýting aðstöðugjaldsstofns.

Fasteignaskattur: 1. Fasteignir samkv. lið a í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga 0,36% álagning. 2. Fasteignir samkv. lið b í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga 0,9% álagning.

Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag 1993 verður að það hafi á árinu 1993 fullnýtt heimild til útsvarsálagningar þ.e. lagt 7,5% útsvar á tekjur ársins 1992.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING**um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.**

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 35 950 000 kr. vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 16 500 kr. að lágmarki og 165 000 kr. að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysaftryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3 600 000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1992.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að afnema stöðubann við norðausturhlíð Eskihlíðar, á milli Engihlíðar og Mjóuhlíðar,
2. að hámarksökuhraði á húsagötu að baki Laugavegs 133-147 verði 15 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. desember 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. desember 1992.

Böðvar Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.